

Alþjóðadagur læsis 8. september 2010

Hugmyndahefti

Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, Bókasafn HA, Amtsbókasafnið á Akureyri, Akureyrarstofa.
Ábyrgðarmaður: Rósa Eggertsdóttir HA



Á vinnustöðum,
í skólum,
á heimilum,
til sveita, til sjós ...
Landsmenn eru hvattir til
að leggja frá sér verk og
lesa fyrir sig og aðra
kl. 11:00–11:15
á degi læsis
8. september.

Alþjóðadagur læsis 8. september

Frá árinu 1965 hafa Sameinuðu þjóðirnar helgað 8. september málefnum læsis. Í ár taka Íslendingar í annað skiptið þátt í þessum alþjóðlega degi. Miðstöð skólaþróunar við HA, Bókasafn HA, Amtsbókasafnið og Akureyrarstofa starfa saman að undirbúningi læsisviðburða í ár en hann lýtur að eftirfarandi þáttum:

- **Ráðstefnur.** Háskólinn á Akureyri stendur fyrir tveimur ráðstefnum um læsi 10. og 11. sept.
- **Framhaldssaga fyrir börn.** *Goðsögnin um tár Litla hestsins*, stendur öllum dagblöðum og vikublöðum til boða. Alþjóðasamtök blaðaútgefenda WAN gefa söguna og teikningar en þýðingin er í boði starfsmanna HA og Amtsbókasafnsins.
- **Sýning í bæjarstjórnarsalnum.** Akureyringum er boðið í Gallerí Ráðhús 8. september til að koma á framfæri óskum sínum til handa bæjarbúum fyrir næstu fimm árin (sjá á bls. 4).
- **Hugmyndahefti um viðburði á degi læsis.** Heftinu verður dreift rafrænt eins víða og kostur er. Þess er vænst að landsmenn á öllum aldri íhugi þau lífsgæði sem felast í því að geta lesið og tjáð sig í rituðu máli.
- **Samband íslenskra sveitarfélaga** setur alþjóðadag læsis 8. september á **skóladagatal**.

Bókasöfn

- Sýning á bókum sem sérstaklega vísa til læsis.
- Upplstur á móðurmáli Íslendinga af erlendu bergi. Tímasetja eftir tungumálum svo fólk geti komið saman ef það vill hlusta á ákveðið tungumál.
- Þetta væri einnig tækifæri fyrir foreldra og börn sem tala viðkomandi tungumál að koma saman meðan lesið er upp af þeirra móðurmáli. Gott ef sami texti er til á erlenda málinu og á íslensku.
- Aðstoða aðila sem leita til safnsins við undirbúning og framkvæmd hinna ýmsu atriða tengdu læsi í samfélaginu.
- Kynning á hljóðbókum.

Dagamunur 8. september

Þetta hugmyndahefti er hugsað sem hvatning til fólks um land allt að gera sér dagamun í formi lestrar 8. september n.k. sem veitendur, njótendur og þiggjendur.

Sjá má fyrir sér misformlega röð viðburða þar sem fólk í nærsamfélaginu, á hvaða aldri sem er, eigi stund saman þar sem tungumálið er í fyrirrúmi – talað, lesið, skrifað, hlustað. Viðmiðið er að viðburðurinn tengist ritmálinu með einum eða öðrum hætti. Lagt er til að yfirbragð hvers dagskrárliðar verði með léttu móti og sem flestir geti orðið virkir þátttakendur.

Tími hvers viðburðar getur staðið í nokkrar mínútur eða teygt sig yfir allan daginn eftir því sem hentar. Staðsetning getur verið hvar sem er, úti eða inni, á heimilum, á vinnustöðum, í skólum, á bókasöfnum, í verslunum, á götuhornum, sundlaugum og um borð í skipum og flugvélum.

Fleiri hugmyndir að læsisviðburðum eru vel þegnar fyrir næsta ár og sendist til rosa@unak.is

Í tilefni af alþjóðadegi læsis 8. september gengst Miðstöð skólaþróunar við HA fyrir ráðstefnu um læsi í september annað hvert ár. Í ár verður ráðstefnan *Læsi – Lykill að andans auði* haldin á Akureyri 11. september, og er hún öllum opin. Ennfremur verður fyrsta *Námsstefna HA um Byrjendalæsi* haldin 10. september. Hún er ætluð kennurum og skólastjórnendum sem hafa tekið þátt í þróunarstarfi um Byrjendalæsi á vegum HA.

Námsstefna um Byrjendalæsi 10. september 2010 á Akureyri.

http://www.unak.is/skolathrounarsvid/page/namstefna_um_byrjendalaesi

Læsi—Lykill að andans auði. Ráðstefna um læsi 11. septmber 2010 á Akureyri.

http://www.unak.is/skolathrounarsvid/page/laesi_-_lykill_ad_andans_audi

Stoppa, sleppa, lesa

Á tilteknum tíma dags leggja starfsmenn, nemendur, fjölskyldu-meðlimir frá sér verk, seilast í lesefni og lesa í tiltekinn tíma, hver fyrir sig í 10 til 15 mínútur.

Bókaflakk Bók í mannhafið

Þú kaupir bók. Að lestri loknum skilur þú hana eftir á einhverjum stað fyrir annan að taka.

Gott að merkja bókina
Bók í mannhafið.

Sá sem tekur bókina skilur hana eftir á öðrum stað eftir lestur og svona koll af kalli.

Skólar

- Höfundastóll. Nemandi býður tveimur til fjórum nemendum að hlusta á ritverk sem hann hefur samið. Eftir lesturinn spyrja áheyrendur höfund spjörnum úr.
- Foreldrar eða ættingjar koma í heimsókn og lesa fyrir nemendahópa sjálfvalið efni.
- Foreldrar eða ættingjar koma í heimsókn og segja frá hvað þeir lásu sem börn og spjalla við nemendur almennt um hvers virði lestur er þeim.
- Nemendur semja efni og gefa út blað.
- Nemendahópar leitast við að svara því hvers vegna sé mikilvægt að geta lesið. Útbúa veggspjald með svörum.
- Nemendur búa til eigið bókamerki. Þeir gætu einnig útbúið bókamerki fyrir fjölskylduna.
- Skipuleggið dagskrá eða viðburð. Þjóðið framámönnum og fyrirmyndum til að taka þátt, t.d. að lesa úr/segja frá upphaldsbókinni sinni frá æskudögum.
- Nemendur lesa teiknimyndasögu, semja svo sína eigin þar sem samtöl eða hugsanir eru sýndar í talblöðrum.
- Semja teiknimyndasögu sem styðst við atriði úr annarrisögu. Nota talblöður fyrir samtöl.
- Ratleikur í skólanum, skólastofunni, á göngum, á bókasafninu, matsalnum eða skólalóðinni. Vísbendingum dreift víða eftir því sem við á.
- Starfsmanni bókaútgáfu boðið í heimsókn til að segja nemendum frá hvernig handrit verður að bók.
- Ég vil verða sérfræðingur í ... Nemendur nota tölvur og bækur til að afla sér upplýsinga um sjálfvalið efni. Einhvers konar samantekt og frásagnir.
- Upplestur para eða stærri hópa.
- Umræður um skemmtilega bók.
- Höfundur texta kemur í heimsókn og ræðir við nemendur hvernig hann fer að því að semja texta, hvernig hugmyndir fæðast, hvernig atburðarás þróast eða efnisþættir raðast.
- Skoða mismunandi letur sem notað er/var í heiminum.
- Skoða hvernig handritin íslensku voru gerð, sjá t.d. <http://www.handritinheima.is/index.html>
- Aðferðir við að skrifa; áhöld og útlit... Stafir gerðir úr/með mismunandi efni, fjöður, saumaðir, steypfir, tálgaðir, mótaðir í leir..... Sett upp sýning.
- Pappír – þróun pappírsgerðar (sjá Netið).
- Blaðamanni boðið í heimsókn til að segja nemendum frá hvernig fréttum og öðru efni er safnað og sett upp í blaðaform.

Sundlaugar

- Fljótandi lesefni í lauginni og heita pottinum.
- Hverjum seldum aðgangi fylgir texti um sund, leiðbeiningar eða greinar úr blöðum eða ...

Vinnustaðir

- Upplestur. Í vinnuhléum les einn eða fleiri upphátt fyrir vinnufélaga.
- Leshópar myndaðir utan um eina bók. Þátttakendur lesa allir bókina fyrir tiltekinn tíma, hittast og ræða efni hennar út frá ýmsum hliðum.

Samgöngutæki

- Textar af ýmsu tagi við sæti farþega.
- Mætti hafa ólík þemu milli strætisvagna/flugvéla/leigubíla/...

Almenningsgarðar

- Ratleikur. Texti á endastöð sem má taka með sér heim.
- Hengja áhugaverða texta á tré fyrir fólk að lesa.



Heimili

- Hafið eitt kvöld í viku sjónvarpslaust, búið til samverustund þar sem þarf að lesa og hlusta. Hugmyndir hér fyrir neðan má nota á kvöldi sem þessu.
- Lesa fyrir börnin daglega. Einnig þótt þau séu orðin læs.
- Fjölskyldulestur um tiltekið efni. Sammælist um efni til að lesa. Finnið misþungt lesefni um efnið, þannig að allir fái mátulegt þyngdarstig miðað við aldur og leikni. Hafið lestrartíma þar sem allir lesa sitt efni í hljóði, hver og einn segir síðan frá sínu efni. Takið saman í lokin hvers fjölskyldan varð vísari.
- Lærið saman texta við dægurlag og syngið saman.
- Spilið spil þar sem þarf að lesa texta til að geta haldið áfram. Mætti til dæmis vera heimatilbúið slönguspil .
- Bakið eða eldið saman og farið eftir skriflegri uppskrift.
- Skrifnið öll sögu um atburð sem fjölskyldan reyndi saman. Lesið hvert fyrir annað og ræðið hvernig fólk getur skynjað sama atburð á mismunandi vegu.
- Skrifnið dagbók saman um síðasta frí sem fjölskyldan fór saman í.
- Ráðið krossgátur saman.
- Teiknið upp kort sem sýnir leiðir frá heimili og í vinnuna, verslunina, skólann, merkið inn á götuheiti og helstu kennileiti.
- Veljið eitt orð í orðabók og skrifið það á miða. Skrifnið svo skilgreininguna á því úr bókinni og semjið tvær í viðbót sem eru ekki ólíklegar til að geta verið réttar. Allir geta valið orð og útskýrt það, hver á sinn miða. Svo er dreginn einn miði í einu og reynt að geta upp á hver sé rétta skýringin.
- Stafateningar. Ákveðnum fjölda stafateninga (t.d. fimm) er kastað í einu á borð. Sá sem kastar býr til orð úr þeim stöfum sem snúa upp og reynir að nota sem flesta stafina. Skrifnið upp orðið og stigin sem það gefur. Síðan gerir næsti eins. Sá vinnur sem flest stigin hefur í lokin. Lok spilsins geta markast af tíma eða fjölda umferða.

Verslanir

- Útstilling í gluggum: Stafagluggi; ljóðagluggi; gamlar auglýsingar; texti tengdur versluninni á einhvern hátt.
- Á áberandi stöðum eru uppskriftir, snið, leiðbeiningar, verðskrár, samfelldir textar, o.fl.
- Á borðum liggja textar, krossgátur eða annað sem viðskiptavinir geta lesið og tekið með sér ef þeir vilja.
- Afgreiðslufólk býður viðskiptavinum að lesa fyrir þá texta eða býður þeim sjálfum að lesa upphátt fyrir aðra.
- Sérstökum höfundum gerð skil, hljóðrænt og sjónrænt.
- Afþreyingarhorn fyrir börn tileinkuð læsi þennan dag.
- Leikskólabörnum boðið í heimsókn, lesið fyrir þau, ef til vill syngja börnin ...
- Sýning á gömlum og nýjum ritföngum.

Listamenn

- Skapandi og túlkandi listir með sjónarhorn á ritmálinu og bókmenningu.

Fjölmiðlar

- Dagblöðum og vikublöðum stendur til boða að birta framhaldssögu í 12 köflum fyrir börn. Sagan er í boði WAN alþjóðasambands blaðaútgefenda og þýdd í boði starfsmanna við Háskólann á Akureyri og Amtsbókasafnsins á Akureyri.
- Prentmiðlar birta stuttar sögur og ljóð, textagerðir sem sjaldan sjást t.d. í dagblöðum og héraðsfréttablöðum.
- Útvarp og sjónvarp gera prent- og ritlistum hátt undir höfði.

Sveitastjórnir hvattar til frumkvæðis

Gallerí Ráðhús Bæjarstjórnarsalurinn á Akureyri

Á degi læsis 8. september verður almenningi boðið að koma í bæjarstjórnarsalinn frá kl. 8:15–16:00 og skrifa og/eða teikna ósk sína til handa Akureyringum fram til ársins 2015. Óskirnar verða festar á veggspjöld og mun sýningin standa í bæjarstjórnarsalnum fram til áramóta. Þá verða óskirnar teknar niður. Að fimm árum liðnum verða þær teknar fram til skoðunar.

Ég óska þess að Akureyringum hlotnist ...

Ég óska þess að allir á Akureyri ...

Ég óska þess að krakkarnir á Akureyri geti ...

Starfshópur um alþjóðadag læsis 8. september 2010:

Rósa Eggertsdóttir HA, Ingibjörg Auðunsdóttir HA, Astrid Margrét Magnúsdóttir HA, Hólmkell Hreinnson Amtsbókasafn, Alda Stefánsdóttir leikskólakennari, Hulda Sif Hermannsdóttir Akureyrarstofa.

Að íslenskri þýðingu framhaldssögu fyrir börn frá WAN Alþjóðasamtökum blaðaútgefenda komu árið 2010:

Arnheiður Eypórsdóttir, Astrid Margrét Magnúsdóttir, Halldóra Haraldsdóttir, Hólmkell Hreinnson, Ingveldur Jóhannesdóttir, Ingibjörg Auðunsdóttir, Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir, Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir, Rósa Eggertsdóttir, Rósa Kristín Júlíusdóttir, Sigríður Halldórsdóttir og Gunnlaugur Garðarsson.

